

# Íslenska

## Tilgangur og sjónarmið

Tungumálið gegnir tvíþættu hlutverki. Það er sterkur mótandi þáttur fyrir sjálfsmynd hvers einstaklings en innlimar jafnframt eintaklinginn í félagslegt samhengi. Tungumál er nokkuð sem er í stöðugu ferli og erum að læra alla ævi. Við lærum það í öllum þeim aðstæðum sem við erum hluti af og við lærum það á marga mismunandi vegu; með ómeðvitaðri hlustun, með eðlislægri eftirhermu og meðvitaðri æfingu. Íslenska er mikilvægt fag fyrir menntun og menningu, til að skilja og virða hina mismunandi menningarheima, bæði sögulega og í hinum hnattræna veruleika okkar tíma.

Að tileinka sér tungumálið er miðpunktur alls uppeldis og menntunar. Tungumálið örvar hugsun okkar, það snertir við tilfinningum okkar til góðs og illis, það hvetur okkur til virkni. Tungumálið hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda og hefur í gegnum tíðina öðlast ógrynnin öll af nöfnum og hugtökum, þekkingu og áhrifum, innsýn í manneskjuna og sýn á heiminn. Fjöldi tungumálalegra fyrirbæra eins og samlíkingar, myndlíkingar (myndmál), lýsandi nöfn og orðatiltæki vísa til tungumálsins sem heim ríkidæmis og fegurðar sem ekki er hægt að skilja til fulls með rökrænum hugtökum einum og sér.

Tungumálið er verkfæri og miðill skáldsins og skáldskaparins, það ber allt frá hinu dýpsta trúarlega og heimspekilega efni til hversdagslegra smámuna. Samtímis er það í sífelldri breytingu og þróun, bæði hjá einstaklingnum sem og í stærri málsamfélögum. Íslensku sem námsgrein er skipt upp í ólík svið; ritun, lestur og talmál, með enn frekari skiptingu í hæfnisvið. Jafnframt er mikilvægt að hafa hugfast að í þroskaferli barnsins myndar tungmálanámið; ræða, ritun og lestur eina heild. Íslenska er þessvegna bæði umfangsmikið fag og miðlægur þáttur í öllum fögum.

Íslenskukennslan á að vera könnunarleiðangur um hinn fjölbreytta heim bókmenntanna; skáldskap, frásagna og ljóða en jafnframt dagleg æfing í munnlegri og skriflegri tjáningarfærni. Reynsla af ólíkum stefnum, stílbrigðum og blæbrigðum tjáningar getur hjálpað nemendum að setja orð á eigin upplifanir á leið sinni til sjálfsþekkingar, skilnings gagnvart öðrum manneskjum, til heimspekinnar, listarinnar og vísindanna.

Á þessu þroskaferli skipar málfræðin sérstakan sess í kennslunni. Því einnig málfræðin felur í sér könnunarleiðangur um heim tungumálsins. Málfræðin er til þess fallin að gefa nemendum tækifæri til áskorana og að kanna sjálf orðflokka, beygingarform, setningarfræði o.s.frv., í stuttu máli kafa í uppbyggingu og lögmál tungumálsins.

Það er grundvallaratriði og jafnframt sértækt fyrir Waldorfskólana að hin faglega nálgun byggir á lífandi, myndríkum frásögnum sem næra bæði ímyndunarafl og hugmyndaauðgi og víkka út mál- og hugtakaheim nemandans. Gersemum frá menningar- og bókmenntasögu er miðlað á þann hátt til nemenda öll grunnskólaárin. Daglegri frásögn kennarans er hægt að fylgja eftir með nemenda-verkefnum eins og samræðum, endursögn, ritun, teikningu eða leikrænni túlkun.

Smám saman koma inn meira greinandi og óhlutstæðir þættir í kennsluna, þó á þann hátt að nemendur hafa tækifæri til að tileinka sér hugtök út frá eigin vinnu og reynslu. Þessi nálgun styður

við djúpstæða tengingu við tungumálið og hugtök þess og er jafnframt í samhljóm við það markmið Waldorfskólans að einstaklingurinn þroskist heildstætt út frá eigin forsendum. Þannig getur íslenska orðið námsgrein sem er viðvarandi örvun til þroska sjálfsmyndar, veitir innsýn í menningu og styrkir samskiptahæfni.

Nemendurnir þróa færni og þekkingu í íslenskunáminu með fjölbreyttri og virkri þátttöku. Á hverjum degi í gegnum öll grunnskólaárin er venja að vinna munnlega með ljóð eða prósa. Nemendur kynnast bókmenntalegum gersemum á móðurmálinu, erlendum jafnt sem íslenskum, gömlum og nýjum, oft í tengslum við það fag sem verið er að vinna með, hvort sem það er efnafræði eða saga en líka tengt árstíðum eða öðrum þemum. Á yngsta stigi er þessi daglega munnlega æfing líka tengd eiginleikum hljóða í tengslum við bókstafainnlögn og þá einnig unnið með rím og hrynjandi í málinu.

Mikilvægt sérkenni í byrjendakennslu er að nemendur teikna, út frá efnisatriðum eða mótífum í frásagnarefninu og annarri nærtækri reynslu, form sem síðar verða bókstafir og að leiðin til lesturs er í gegnum skriftina. Skriftar- og lestrarkennslan byrjar sem virk myndræn vinnsla út frá efni sem nemandinn er gripinn af, frá hinu hlutlæga til hins óhlutbundna. Grunnurinn að breiðri lestrargetu er lagður með því að lesa það sem maður hefur sjálfur skrifað til þess að lesa óþekktan texta, frá upplestri í kór til þess að lesa í einrúmi, frá því að lesa upphátt til þess að lesa í hljóði, frá því að lifa sig inn í textann til þess að skilja og meta boðskap eða að lesa milli línanna.

Á öllum stigum grunnskólans er lögð áhersla á breitt úrval af fagurbókmenntum í gegnum frásagnarefni og ljóð og ekki síst lestrarefni. Að vekja lestrargleði til yndislesturs og þroska eiginleika til djúplesturs er sérlega mikilvægt á tímum þar sem fjölbreyttir miðlar ná athygli nemenda. Það er mikilvægt að æfa lestur á fleiri stigum. Túlkun og gagnrýnin greining á textum af ólíkum toga er hluti þess.

Munnleg færni fær mikið rými í Waldorfskólanum. Framsetning kennarans á námsefni og frásagnir örva nemendurna sjálfa til munnlegrar virkni í samtölum og endursögnum, túlkun og frekari úrvinnslu.

Skriftarfærni er ekki síður mikilvæg. Reynslan sýnir að börn skrifa gjarnan þegar þau hafa eitthvað áhugavert að skrifa um, það er að segja þegar þau komast í snertingu við eitthvað sem býr innra með þeim. Stærstur hluti frásagnarefnis sem nemandinn nýtur í Waldorfskólanum er borið fram í „morgun kennslustundinni“. Til að byrja með er kennarinn mikilvægasta uppsprettan, en smám saman fer nemandinn að leggja til kennslunnar með eigin lestri, eigin rannsóknum eða í gegnum hópavinnu. Nemendur skrifa mikið og fá marga möguleika til að tjá sig í mismunandi greinum þar sem kennarinn er virkur leiðbeinandi.

Íslenskukennslan spannar breitt námssvið og er grundvöllur þess að kynnast alls kyns textum, til umhugsunar, rökræðu og mati á hinum ólíkustu formum mannlegrar tilveru, menningar og tjáningar. Það sem er grunnliggjandi í Waldorfskólanum er samt sem áður hin beinu tengsl á milli nemenda og á milli kennara og nemenda. Hér eru mannleg samskipti og hið talaða orð hin miðlandi brú.

## Hæfniviðmið í íslensku

### 4. bekkur

*Markmið kennslunnar er að nemendur:*

#### *Talað mál og hlustun*

- geti tekið virkan þátt og unnið með öðrum í munnlegri vinnu með vers og ljóð, rím og reglur,
- geti endurtekið skýrt texta úr versum og ljóðum, bæði í kór og einn og sér,
- geti farið með texta fyrir samnemendur,
- geti fylgt þekktum reglum fyrir leiki og önnur sameiginleg verkefni,
- þekki og geti endursagt einföld hljóð og tvíhljóða,
- heyri og geti endurtekið fjölda atkvæða og aðra hrynjanda í tungumálinu, skipt út hljóðum, fundið rímorð,
- geti stafað algeng orð og æft að stafa sjaldgæfari orð,
- geti hlustað á frásagnir kennara og samnemenda,
- geti endursagt söguþráð í frásögnum og dregið fram hvað þeim sjálfum þykir mikilvægast,
- geti sagt frá einhverju sem þeir hafa áhuga á, hafa upplifað eða hugsað um,
- taki virkan þátt í samræðum um námsefni og önnur þemu og beiti fyrir sig góðum vinnubrögðum við að fylgja slíkum samræðum eftir,
- geti gefið og tekið við skilaboðum.

#### *Ritun*

- þekki stafrófið, bókstafaheiti og öll hljóð- og bókstafssambönd,
- geti notað og leikið sér með stafina,
- þekki nokkur aðaleinkenni stafsetningar,
- geti skrifað algeng orð rétt og æft sig á að skrifa sjaldgæfari orð út frá þeim einkennum stafsetningar sem þau kunna,
- þekki reglur fyrir einfalda greinarmerkingu,
- geti skrifað eftir sameiginlegum texta frá töflu eða blaði,
- geti skrifað eigin frásagnir út frá frásagnarefni, námsefni og upplifunum,
- geti notað tengiskrift,
- geti lesið þekkt vers, ljóð og söngtexta,
- þekki aftur og geti lesið erindi og orð frá þekktum textum,
- geti lesið sameiginlega texta og eigin texta,
- geti lesið óþekkta texta upphátt og í hljóði,
- geti sagt frá því sem þeir hafa lesið.

#### *Tungumálið í samhengi*

- geti unnið í samvinnu við aðra og tekið virkan þátt í vinnu með tungumál og hreyfingu,
- geti leikið orð með látbragði og giskað þegar aðrir túlka með látbragði,
- geti leikið hlutverk í einföldum leikspuna og leikritum,
- geti formað texta og vinnubækur þar sem myndmál og texti mynda heild,
- geti sett fram þekkt innihald frásagnar- og námsefnis í texta og myndum.

#### *Menning og menntun*

- geti rætt saman um innihald og mál í söngtextum, ljóðum, reglum og frásögnum,

- gæri og geti flutt lög og vers á öðrum tungumálum en íslensku, sér í lagi öðrum norrænum tungumálum og tungumálum sem eiga sér fulltrúa á meðal nemenda í bekknum,
- hlusti á og geti rætt saman um hljóð, hrynjandi og laglínu í lögum og versum á öðrum tungumálum,
- ræði saman um orð og orðatiltæki í tungumálinu í nútíð og fortíð,
- noti og geti lýst mikilvægum setningamyndunum og hlutverki þeirra í tungumálinu,
- þekki og geti lýst aðal orðflokkunum og hlutverki þeirra í málinu.

## 7. bekkur

*Markmið kennslunnar er að nemendur:*

### *Talmál*

- læri utan að og geti flutt ljóð og aðra bókmenntalega texta á móðurmálinu og á öðrum tungumálum, einir og með öðrum,
- taki virkan þátt í vinnu með leikrit, spunaverk og kynningar,
- hlusti á aðra, geti tjáð eigin skoðun og sýni skoðun annarra virðingu,
- geti endurtekið frásögn séð frá sjónarhorni einnar persónu sögunnar, eða með sérstökum stíl og stemningu,
- geti rætt um mismunandi texta, innihald þeirra og tungumálaleg sérkenni,
- geti kynnt efni sem þeir hafa góða þekkingu á,
- geti gefið hjálplega endurgjöf við munnlegri frásögn samnemenda.

### *Ritmál*

- geti lesið lengri texta, íslenska jafnt sem þýdda, bæði fagurbókmenntir og fræðitexta,
- noti mismunandi lestraraðferðir til að lesa ólíkar gerðir texta,
- geti lesið hátt þannig að innihaldi verði miðlað til áheyrenda,
- geti sagt frá innihaldi þess sem hefur verið lesið, í útdrætti eða út frá ákveðnum gefnum sjónarmiðum,
- geti miðlað lestrarreynslu munnlega og skriflega,
- geti skrifað samhangandi texta með persónulegri og hagnýtri rithönd,
- geti skipulagt texta eftir tímaröð og þema og skapað samhengi á milli setninga og kafla,
- hafi vald á mikilvægum þáttum í íslenskri stafsetningu, setningafræði og greinarmerkjanotkun,
- geti notað orðabækur og uppflettirit,
- geti skrifað eigin útdrátt úr námsefni (vinnubók),
- geti notað fræðirit til grundvallar framsetningar á efni,
- geti skrifað fagurfræðilega texta byggða á innihaldi námsefnis sem unnið hefur verið með,
- geti skrifað um eigin upplifanir og áhugamál,
- geti skrifað nákvæmar lýsingar á hlutum, atburðum eða þekktum stöðum,
- geti skrifað texta í ólíkum stílbrigðum, ein og með öðrum út frá því hver lesandinn er,
- séu fær um að kynna eigin texta fyrir samnemendum og öðrum,
- nýti sér leiðbeiningar um sterkar og veikar hliðar eigin texta,
- geti gefið gagnlega endurgjöf á ritaðan texta annarra,
- geti lesið dæmi um eldri íslenskan texta og þekki ólíkar mállýskur.

### *Tungumál í samhengi*

- geti sett saman texta með myndum, skreytingu og ólíkum leturgerðum þannig að úr verði stærri heild, þar sem form og innihald styðja hvert annað,
- geti notað söng, tónlist og hreyfingu í framsögn og kynningum,
- geti tekið þátt í að forma leikið efni og flutning með hjálp texta, tónlistar öðrum möguleikum sviðslistar.

### *Menning og menntun*

- þekki og geti lýst orðflokkunum og beygingarfræðilegum sérkennum þeirra, hlutverki þeirra í málinu og innbyrðis samhengi,
- þekki og geti lýst aðalatriðum íslenskrar setningafræði,
- þekki og geti lýst merkingu algengra orðatiltækja og tökuorða,
- geti rætt um ólíkar leiðir, málfræðilega og innihaldslega, til að lýsa fólki og lífi þess í gömlum og nýrri bókmenntum,
- geti notað ímyndunaraflíð til að segja grípandi sögu.

## 10. bekkur

*Markmið kennslunnar er að nemendur:*

### *Talmál*

- lesi reiprennandi og með skilning fjölbreytta texta á íslensku,
- þekki úrval ljóða frá tímum Vatnsenda-Rósu til okkar tíma,
- geti endursagt lesinn texta,
- geti tjáð eigin skoðun í umræðum og komið rökum annarra til skila á skýran hátt,
- geti rætt saman um hvernig tungumálanotkun getur virkað jákvætt og örvandi á sjálfsmynd annarra og lagt sitt af mörkum til þess að skapa félagsskap og samfélag án aðgreiningar,
- geti tekið þátt í fundum og rökræðum og þekki ferli sem geta legið til grundvallar fyrir góðar ákvarðanir,
- geti tekið þátt í samræðum um mikilvæg bókmenntaverk og önnur listræn verk, rætt um einkennandi drætti bókmennta á ólíkum tímum,
- geti haldið einfalda fyrirlestra og kynningar, tekið þátt í leiklestri, hlutverkaleikjum og leikritum.

### *Ritmál*

- geti skrifað rétt, nýtt þekkingu um mikilvæg stílfræðileg grip, þannig að tekið sé tillit til efnis og lesenda,
- sýni góða færni í málfræði og réttitun og geti nýtt sér hana í eigin vinnu,
- geti lesið og skrifað texta af ólíkum gerðum, bæði fagurfræðilega og fræðilega,
- geti lýst staðreyndum, tilfinningum, náttúru og persónum á fjölbreyttan hátt,
- geti miðlað persónulegri túlkun og eigin upplifun af mismunandi bókmenntalegum textum, leikritum eða kvikmyndum með útdrætti á söguþræði, metið stíl- og persónueinkenni og ætlun höfundar eða merkingu textans/verksins,
- geti skrifað skapandi texta eins og haiku, ljóð, ferskeytlu, söngtexta o.s.frv.,
- geti notað ritvinnsluforrit við skrif og skiplagningu á eigin vinnu á sama tíma og handskriftinni er haldið við og hún þróuð
- geti aflað heimilda á bókasafni, af netinu og úr fjölmiðlum og nýtt þær á gagnrýnin hátt, rætt þær og vitnað til þeirra sem heimilda,

- geti dregið fram aðalatriðin úr texta eða munnlegri kynningu og endursagt þau af nákvæmni,
- geti gefið nákvæma lýsingu á hlut.

#### *Tungumál í samhengi*

- geti unnið úr bókmenntaefni í vinnubók eða á annan viðeigandi hátt,
- þekki fagurfræðileg stílbrigði í samsettum textum sóttum frá upplýsinga- og ,afþreyingarmiðlum, auglýsingum og listaverkum og hvernig við verðum fyrir áhrifum frá hljóði, tungumáli og myndum,
- þekki grundvallarreglur persónuverndar og höfundarréttar tengdum útgáfu og notkun á höfundaverkum annarra,
- geti útskýrt hvað er líkt og ólíkt með töluðu og rituðu máli á mismunandi miðlum,
- geti skýrt með hjálp hugtaka úr málfræði og setningafræði hvernig textar eru byggðir upp.

#### *Menning og menntun*

- geti gefið dæmi um sambandið milli ævi og skáldverka hjá einhverjum þekktum höfundunum,
- þekki mikilvæg fagur- og bókmenntafræðileg málefni í íslenskum og evrópskum bókmenntum á 19. öld og þekki dæmi um það hvernig algeng þemu birtast aftur í nútímaskáldskap,
- þekki til þróunar íslenskunnar og tengsla íslenskrar tungu við önnur norræn tungumál,
- hafi innsýn í það hvað hefur áhrif á íslenska tungu í dag, m.a. áhrifin frá ensku.